Gelmottur
– Fersk flutningsleið
Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur

Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarýmd
Engin aukaefni
ísgel
Efstubraut 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is
Veljum íslenskt

REYKJANES
1. desember 2016
20. TÖLUBLAÐ, 5. ÁRGANGUR

Barátta eldri borgara BLS 2
BÚMENN HRESSAST BLS 8
Komnir til að vera BLS 9

Forseti Íslands tók þátt í kyndilhlaupi

Special Olympics á Íslandi og Knattspyrnusamband Ísland standa að árlegum Íslandsleikum í knattspyrnu, sunnudaginn 27. nóvember í Reykjaneshöllinni. Keppt er í tveimur styrkleikaflokkum en markmið Special Olympics samtakanna er að skipuleggja keppni sem gefur öllum jöfn tækifæri. Forseti Íslands mun taka þátt í kyndilhlaupi lögreglumanna og setja Íslandsleika Special Olympics ásamt lögreglu og íþróttamanni.

Jólaskeiðin 2016
Hin eina sanna
Smíðuð úr 925 sterling silfri • 70 ára saga

17.900 kr.
Fæst aðeins í verslun
Guðlaugs A. Magnússonar
Skólavörðustígur 10 • 562 5222

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKISMENN
www.merkismenn.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

LEITUM AÐ EIGNUM Í ÞINNI GÖTU
Frítt verðmat • Fagljósmyndari • Sölumaður sýnir allar eignir • Opin hús • Eftirfylgni

Páll Þorbjörnsson
aðstoðarmaður fasteignasala / eigandi
í löggildingarnámi
GSM 698-6655

Arnar Hólm
aðstoðarmaður fasteignasala
GSM 892-4445

Elínborg Jensdóttir
aðstoðarmaður fasteignasala
Lögfræðingur í löggildingarnámi
GSM 823-1334

Þórarinn Kópsson
löggiltur fasteignasali
Sími 560-5515
ALLT FASTEIGNIR
FASTEIGNASALA SUÐURNESJA
Hafnargötu 91 (Við hlið Íslandsbanka)
560-5515
HAFÐU SAMBAND
Palli 698 6655
Arnar 892 4445
Elínborg 823 1334
dag er allt a hvolfi

LEIÐARI

Úrbætur í vegakerfinu eitt af forgangsmálunum

Gífurleg aukning ferðamanna til landsins kallar á ýmsar aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Eitt af því sem verður að gera er að auka löggæslu á helstu ferðamannastöðum. Efla þarf heilsugæsluna,þar sem fjöldi ferðamanna þarf að nota þjónustuna.

Í ár eru að koma nálægt tveimur milljónum ferðamnna, sem nota vegakerfið okkar. Stórar rútur aka um vegina auk tug þúsunda bílaleigubíla sem bætast í umferðina. Vegakerfið er á mörgum stöðum orðið þannig að það hefur skapast hættuástand.

Í næstu fárlögum þarf að gera verulegar ráðstafnir til að mæta þessu vandamáli. Og það verður að halda áfram næstu árin.

Stjórnvöld verða að ná samkomulagi um það hvernig gjaldtaka eigi að fara fram til að mæta þeim aukna kostnaði,sem hlýst af móttöku allra þessara ferðamanna.

Tvö baráttumál eldri borgara verða að halda áfram.

Nú um áramótin koma til framkvæmda breytingar á almannatryggingum. Greiðslur til þeirra eldri borgara sem búa einir og minnst hafa haft munu hækka. Sambúðarfólk mun í mörgum tilfellum einnig fá hækkanir. Talað er um að aukning á framlögum ríkissjóðs verði um 10 milljarðar á næsta ári.

Hér er stigið skrefa í rétta átt,en baráttunni er hvergi nærri lokið.

Það gengur ekki að frítekjumarkið vegna tekna sé aðeins 25 þúsund krónur á mánuði. Það er ekki hvetjandi fyrir eldra fólk til að vinna sér inn tekjur. Þetta mark verður að hækka til muna. Eðlilegast er að tekjur sem eldri bograra vinni sér inn hafi ekki skerðingaráhrif á aðrar greiðslur úr lífeyrissjóðum eða frá Tryggingastofnun.

Eldri borgarar borga skatt af sínum tekjum eins og aðrir,hvort sem það eru atvinnutekjur eða greiðslur úr lífeyrissjóð.Það er nóg.

Flestir hafa lagt inn af sínum launum ákveðna prósentu í lífeyrissjóð í gegnum árin. Auðvitað á ekki að refsa fólki fyrir að hafa sparað þessa peninga. Það á ekki að hafa áhrif á greiðslur frá Tryggingastonun.

Á skólastarf að hrynja?

Nú verða sveitarstjórnarmenn að gera sér grein fyrir alvarleika stöðu grunnskólans. Kennarar eru í hópum að segja upp sínu starfi. Atvinnumarkaðurinn er nú þannig að það er frekar auðvelt fyrir kennara að fá aðra vinnu. Ferðaþjónustan hér á Suðurnesjum er í miklum vexti og það vantar fólk til vinnu.

Kennarar hafa tekið á sig mikla vinnu við innleiðingu á nýju námsefni. Kennarar hafa þurft að tileinka sér ýmsar tæknínýjungar í starfi. Álag hefur aukist á flestum sviðum kennarastarfsins og ábyrgðin er mikil.

Ef það á ekki að skapast algjört neyðarsástand í starfi grunnskólanna verða forystumenn sveitarfélaganna að bretta upp ermar og hækka launin verulega.

Eins og alltaf snýst þetta um forgangsröð mála.

Sigurður Jónsson

Flott vefsíða

Um nokkurt skeið hefur verið rekin glæsileg vefsíða. sudurnes.net. Á síðunni er fjallað um málefni Suðurnesa á líflegan,skemmtilegan og fróðlegan hátt.

Ný lög kynning

Kynning á nýjum lögum um almannatryggingar verður á Nesvöllum föstudaginn 20.janúar 2017 Nánar auglýst þegar nær dregur.

Laun hækka ekki

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkir að taka ekki hækkun launa skv. ákvörðun kjararáðs. Bæjarráð ætlast til að Alþingi taki málið fyrir og endurskoði ákvörðun ráðsins. Málinu frestað þar til niðurstaða Alþingis liggur fyrir.

Basar á Nesvöllum

Á morgun föstudaginn 2.desember kl 14:00 verður hinn árlegi jólabasar haldinn á Nesvöllum. Margt góðra vara til sölu. Kaffihúsið opið.

Næsta blað Reykjanes kemur næst út fimmtudaginn 15.desember 2016.

REYKJANES

20. TBL. 5. ÁRGANGUR 2016

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Sigurður Jónsson, netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 **Umbrot:** Vefpressan. **Prentun:** Landsprent. Upplag: 10.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

REYKJANES ER DREIFT Í 10.000 EINTÖKUM ÓKEYPIS Í ALLAR ÍBÚÐIR Á REYKJANESI.

Handavinnusýning í Auðarstofu Garði

Félagsstarfið Auður verður með handavinnusýningu sunnudaginn 4 des kl.13:-17:00 í Auðarstofu Við ætlum að sýna jólahandverk liðinna ára og handunna skírnakjóla.

Þjónustumiðstöð við Reykjanesvita

Síðasta föstudag var fyrsta skóflustunga að þjónustumiðstöð við Reykjanesvita tekin.

Með uppbyggingu þjónustueingar við vitann er brugðist við brýnni þörf fyrir aðstöðu fyrir ferðmenn, en staðurinn er fjölsóttur af ferðamönnum.

Framkvæmdir að hefjast við þjónustumiðstöð við Reykjanesvita

Í dag var tekin fyrsta skóflastunga að þjónustumiðstöð við Reykjanesvita. Það var Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar og Rúnar Sigurvinsson frá Reykjanes Aurora sem tók fyrstu skóflustungu. Áætlað er að þjónustumiðstöðin verði tilbúin í sumarbyrjun 2017.

Það er félagið Reykjanes Aurora ehf. sem byggir. Um er að ræða 300 fermetra þjónustumiðstöð þar sem m.a. verður veitingasala og snyrting. Reykjanes Geopark auglýsti í upphafi árs eftir áhugasömum aðilum að uppbyggingu ferðaþjónustu við Reykjanesvita og bárust fjögur tilboð. Þjónustueiningu vantaði á svæðið, sem hefur verið að fá heimsótt af um 200.000 ferðamönnum á ári, að því er áætlanir gera ráð fyrir.

Að sögn Rúnars var hugað að því að byggingin félli sem best að náttúrunni við Reykjanesvita. Hann þakkaði við skóflugstunguna Reykjanes Geopark, Uppbyggingasjóði Suðurnesja, sem hefur styrkt verkefnið og Reykjanesbæ. Athöfnina tileinkaði hann afa sínum, Guðfinni Sigurvinssyni fyrrum bæjarstjóra í Keflavík sem jarðsettur var í gær. Kjartan Már bæjarstjóri sagði við sama tilefni ánægður með að þjónustumiðstöð á þessum fjölsótta ferðmannastað sé loksins að verða að veruleika.

368 nemendur og í forskóla 479

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Á fundi Fræðsluráðs Reykjanesbæjar sagði Haraldur Árni skólastjóri Tónlistarskólans frá fjölbreyttu starfi skólans sem hefur gengið mjög vel á þessari haustönn.

Í Tónlistarskólanum eru nú 368 nemendur og í forskóla grunnskólanna 479 nemendur en kennarar Tónlistarskólans sinna þeirri fræðslu.

Tryggt verði fjármagn til menningarmála

Frístunda-og menningarnefnd Voga fór yfir drög að fjárhagsáætlun frístundasviðs sem tekin hafa verið til fyrri umræðu bæjarstjórnar.

Nefndin leggur áherslu á að fjáhagsáætlun sé gerð auðskiljanleg og gagnsæ. Nefndin leggur til að tryggt verði fjármagn til menningarmála þar sem nýlega hefur verið gengið frá menningar- og félagastefnu sveitarfélagsins. Nefndin minnir á tjaldsvæði sem áður hefur verið fjallað um og einnig frisbeegolfvöll sem áætlað er að kosti um 700 þúsund krónur. Tillaga að hönnun vallarins verður send til bæjaryfirvalda. Mikilvægt er að koma upp lýsingu við gerfigrasvöll sveitarfélagsins sem staðsettur er við Stóru-Vogaskóla og sinna viðhaldi hans. Gera þarf ráð fyrir fúavörn á stúku við íþróttavelli sveitarfélagsins.



Óska öllum viðskiptavinum Gleðilegra Jóla

Strandartindur ehf. flytur inn fólksbíla, vörubíla, vinnuvélar og rútur.

Facebook: B1 innflutningur bíla og hjólhýsa **Email:** boas@b1.is / Strandartindur ehf / Miðvangur 1-3 700 Egilsstöðum/ Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 7775007

Ný 2017 Hobby hjólhýsi og húsbílar á sanngjörnu verði

Mun breiðari og vandaðri inngönguhurð og nokkrar fleiri breytingar á 2017 hjólhýsunum.

Góður tími til að fá verð og panta fyrir vorið.

Facebook: B1 innflutningur bíla og hjólhýsa **Email:** boas@b1.is / Strandartindur ehf / Miðvangur 1-3 700 Egilsstöðum/ Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 7775007

Stórefla hópslysa-viðbúnað

Á næstu þremur árum munu Isavia og Slysavarnafélagið Landsbjörg sameinast um að bæta verulega búnað sem auðveldar björgunarsveitum víða um land að bregðast við hópslysum sem hugsanlega verða á þjóðvegum landsins, utan alfaraleiðar eða við vinsæla ferðamannastaði.

Samkvæmt samningi sem undirritaður var í höfuðstöðvum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á dögunum verða útbúnar sérstakar kerrur með sérhæfðum búnaði sem björgunarsveitir geta með lítilli fyrirhöfn tekið með sér á slysstað. Isavia leggur 12 milljónir króna á ári til verksins, samtals 36 milljónir króna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg sér um að velja búnaðinn, hanna kerrurnar og velja þeim stað miðað við hugsanlega hættu á hópslysum og þar sem viðbragð er takmarkað.

Búnaðurinn í kerrunum miðast við að björgunarsveitafólk geti veitt skjól og aðhlynningu á slysstað utan alfaraleiðar á stöðum þar sem langt er í heilbrigðisþjónustu og aðrar bjargir. Við val á staðsetningu kerranna verður tekið mið af fjölda ferðamanna, viðbragðsaðilum á viðkomandi svæði, áhættugreiningu almannavarna og hópslysaskýrslu Isavia.

„Björgunarsveitirnar eru með starfsstöðvar víða um land og eru oft fyrstu viðbragðsaðilar á vettvang slysa utan alfaraleiðar og því tilvalinn samstarfsaðili í verkefni sem þetta," segir Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia.

Framlag Isavia nær til hönnunar og smíði kerranna og til kaupa á þeim búnaði sem í þeim er. Annar kostnaður til til fellur, svo sem ferðakostnaður, kostnaður vegna vinnu og skipulagningu verkefnisins verður greiddur af Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Isavia, eftir því hvar kostnaðurinn verður til.

„Íslendingar eru illa undir það búnir að takast á við hópslys utan alfaraleiða. Aukin umferð skapar mikla ógn og því er þetta framlag Isavia afar veigamikið fyrir okkur og björgunarsveitirnar sem ekki hafa átt þess kost að koma sér upp búnaði eins og þeim sem fjárveiting Isavia gerir okkur nú kleift að eignast," segir Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Isavia er einn stærsti styrktaraðili Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og hefur undanfarin ár styrkt hópslysaviðbúnað björgunarsveita í kringum ferðamannastaði og flugvelli um allt land úr styrktarsjóði sínum og þannig bætt hópslysaviðbúnað mjög á þeim stöðum. Nú er gengið skrefinu lengra og hópslysaviðbúnaður efldur þar sem upp á vantar. Isavia vill með þessum aðgerðum lyfta grettistaki í hópslysaviðbúnaði björgunarsveita landsins á næstu þremur árum.

Gert er ráð fyrir því að útbúnar verði þrjár til fjórar kerrur á ári og þær fyrstu verði tilbúnar á vordögum 2017.

Dekk Dekk

Níðsterk dekk sem hentar vel í öllum aðstæðum

Dekkin eru öll míkróskorin

Sendum hvert á land sem er.

Raðgreiðslur í allt að 12 mánuðum

Burðardekk á góðu verði

Stærð	Negld	Vetrar	Heilsárs	pr.stk
175/70 13"	11.900,-	9,990,-	9000,-	—
185/65 14"	12,990,-	10,990,-	10,990,-	—
185/60 15"	14,990,-	12,990,-	12,990,-	—
185/65 15"	14,990,-	12,990,-	11,990,-	—
205/55 16"	16,990,-	14,990,-	13,990,-	—
215/55 16"	18,990,-	16,990,-	16,990,-	—
225/45 17"	19,990,-	19,990,-		—
195/70 C 15"	18,900,-			—
205/65 C 16"	19,900,-			—

Opið
8-17 mán-föst.
10-14 laugardag.

Bílastofan
Dekkjaverkstæði
Njarðarbraut 11 Reykjanesbæ sími 421 1251

Hvalsneskirkjugarður

Um nokkurra ára skeið hefur sóknarnefnd ásamt venslafólki og velunnurum séð um að setja út rafmagnskassa fyrir ljós í Hvalsneskirkjugarði. Þetta hefur sparað útgjöld og veitir ekki af því ekki eru digrir sjóðir í að fara. Til skamms tíma hefur ekki verið tekið gjald af ljósatenglum á leiðin en undanfarin ár hefur verið sett upp í glugga þjónustuhúss lágmarksfjárhæð og reikningsnúmer sem fólk getur lagt inn á. Nú fer að líða að jólum og fallegur er kirkjugarðurinn okkar upplýstur.

Myndirnar tók meðhjálparinn okkar Sólrún Henriksdóttir og formaður sóknarnefndar Reynir Sveinsson.

Fjárhæðin sem óskað er eftir að fólk greiði fyrir aðgang að ljósakassa er kr. 2000.

Hægt er að greiða inn á reikning nr. 147-26-107945-6804892549.

Með ósk um gleðilega jólahátíð.

SillaE.

Versla alltaf heima fyrir jólin

Guðmundur í Persóna þekkir vel til verslunareksturs. Við Hrinbrautina starfrækir hann verslun sína Persónu. Við hittum hann einn daginn. *Hvernig gengur?* Það þýðir ekkert annað en vera jákvæður,- sagði Guðmundur. Jákvæðni skilar sér alltaf. Guðmundur segir að jólaverslunin byrji fyrir alvöru uppúr miðjum desember. Ég spurði hvort ekki væri erfitt að reka verslun hér. Liggur ekki straumurinn til Reykjavíkur eða til útlanda. Sumir versla alltaf heima sagði Guðmundur.

Persóna er fyrst og fremst með vörur fyrir herra. Reyndar nokkrar tilboðsvörur fyrir konur. Við bjóðum upp á mörg góð herramerki. Við erum t.d. með mjög fínar ítalskar skyrtur. Merkin eru Mjaro og Profuomo.

Bjartur föstudagur

Afslættir, birta og gleði, miðvikudag til laugardags í Ormsson

Pioneer

X-HM21BT-K/S
Bluetooth stæða
Til í svörtu og silfur.
Áður kr. 45.900,-

KR: 36.900,-

AEG
Þvottavélar

25%

Tvö módel verða afhent á miðvikudag nk.

Tefal

25%

AEG
EQUIPT

KR: 9.999,-

brabantia
Ruslafötur

30%

AEG
Þurrkarar

25%

Skullcandy

25%

KR: 33.900,-

BRAUN
Hársnyrtitæki

30%

Lyklaborð USB

KR: 990,-

DIGFH151DVD
Digihome 22“ 12v./230v. TV m.DVD
Verð áður kr. 49.900,-

levenhuk
LEV65555
Stjörnusjónauki
Áður: kr. 14.900,-

KR: 9.900,-

Verbatim

LED perur í úrvali

25%

MISFIT

KR: 3.490,-

Misfit skrefamælar Áður kr. 4.990,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

HAFNARGÖTU 23
REYKJANESBÆ · SÍMI 421-1535

ormsson.is

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18.
Laugardaga kl. 11-14.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

Aflafréttir

Baldvin Njálsson GK með 706 tonn

Smávægisverkfall var í gangi núna í nóvember enn eftir að það leystist þá fór allur flotinn af stað afturog eins og áður. Fín veiði. Togarar Nesfisks hafa fiskað vel. Sóley Sigurjóns GK með 344 tonn í 4 löndunum og mest 129 tonn. Landað á Eskifirði og Sandgerði. Berglín GK 321 tonni 6 og landað útum allt. Sandgerði, Ísafirði og Eskifirði. Frystitogarnir komu líka allir í land með afla og Baldvin Njálsson GK kom tvisvar með samtals 706 tonn og þar af 572 tonn í fyrri löndununn, hjá honum var karfi uppistaðan í aflanum eða 398 tonn. Gnúpur GK kom m eð 595 tonn í einni lönduun og var þorskur uppistaða eða 223 tonn. Hrafn Sveinbjarnarson GK 371 tonn í 2 og hjá honum var þorskur uppistaðan eða 213 tonn.

Sem fyrr þá er mjög mikil og góð línuveiði og stóru linubátarnir eru ennþá að landa fyrir norðan landið og jú öllu magninu ekið suður til vinnslu. Páll Jónsson GK er kominn með 322 tonní 4 og mest 106 tonn. Sturla GK 318 tonní 4 og mest 125 tonn. Hrafn GK 318 tonní 5, Fjölnir GK 280 tonn í 4 og mest 112 tonn. Sighvatur GK 236 tonn í 3 og mest 100 tonn. TómasÞorvaldssonGK 227 tonn í 5. Kristín GK 221 tonn í 3.

Minni bátarnir hafa lika fiskað vel. Auður Vésteins SU 139 tonn í11, Gísli súrsson GK 136 tn í 10. Dóri GK 133 tonn í 15 . Gulltoppur GK 65 tní 12 og Katrín GK 45 tonn í 12.

Daðey GK 84 tonní 12, og það má geta þess að það er ekki langt í að Júlli á Daðey GK fái nýjan bátinn sinn enn hann keypti bát frá Siglufirði og er nýi báturinn búinn að vera inní húsi í Njarðvíkurslipp þar sem er verið er að gera smávægilegar breytingar á honum. Von GK er með 73 tonní 10.

Ekki eru margir smábátar á línuveiðum að róa frá Heimahöfnum enn í Sandgerði eru þó nokkrir. Þar er t.d Andey GK sem hefur landað 18 tonní 6 og mest 3,6 tonn. Óli Gísla GK er með 24 tonn í 9 og mest 4,1 tonn og Birta Dís GK sem er með 5,2 tonn í 2

Dragnótaveiði er mjög lítil eins og oft vill verða í nóvember . Sigurfari GK er hæstur enn þó aðeins með 56 tn í 11. Yfir landið þá er Sigurfari GK í sæti númer 10, hæstur er Egill ÍS frá Þingeyri sem hefur landað 136 tn í 13. Siggi Bjarna GK 41 tn í 10, Benni Sæm GK 36 tn í 9, Njáll RE 34 tní 8 og Örn GK 27 tn í 9.

Drífa GK heldur áfram að veiða sæbjúgu og hefur landað 23 tonn í 5 löndunum.

Tæpur milljarður til grunnskóla

Ráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar um áætlaða heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2017. Sveitarfélögin á Suðurnesjum fá úthlutað 961 milljónum króna úr sjóðnum til reksturs grunnskóla.

Áætlunin verður endurskoðuð í febrúar 2017 á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2017, endanlegs álagningarstofns útsvars vegna ársins 2015 og endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum sveitarfélaga á árinu 2016.

Framlögin koma til greiðslu mánaðarlega og taka mið af innkomnum tekjum sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í staðgreiðsluskilum viðkomandi mánaðar.

Skiptinguna á milli sveitarfélaga á Suðurnesjum má sjá hér fyrir neðan. Í Reykjanesbæ eru starfræktir sex grunnskólar en einn í hverju hinna.

- Reykjanesbær 525.768.317
- Grindavíkurkaupstaður 98.402.502
- Sandgerðisbær 92.460.003
- Sveitarfélagið Garður 99.927.126
- Sveitarfélagið Vogar 102.332.616

Þá hefur ráðherra einnig samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2017. Þessi framlög eru greidd mánaðarlega í jöfnum greiðslum og er skiptingin á milli sveitarfélaga á Suðurnesjum eftirfarandi.

- Reykjanesbær 61.400.000
- Grindavíkurbær 13.400.000
- Sandgerðisbær 9.450.000
- Sveitarfélagið Garður 14.750.000
- Sveitarfélagið Vogar 6.750.000

Heildarframlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagana á Suðurnesjum vegna grunnskóla fyrir árið 2017 eru því rúmlega milljarður króna.(sudurnes.net greinir frá)

Bræðraborgar-garðurinn

Einar Friðrik Brynjarsson umhverfis-og tæknifulltrúi Garðs skrifar.

„Þegar horft er yfir sumarið og það sem gert var má segja að nokkuð vel hafi tekist til.

Vinna var að mestu framkvæmd af vinnuskóla undir styrkri leiðsögn Berlindar Fanney Guðlaugsdóttur verkstjóra vinnuskólans. Aðkeypt þjónusta fólst í færslu á innkomuhliði sem fært var framar í garðinn og þannig gerð ný og opnari innkoma inn í garðinn. Samhliða því var malarefni sett fyrir framan innkomuna sem bætir aðgengið utanvið garðinn. Að auki var hleðslusteinn lagfærður.

Settur var einn bekkur í garðinn og að auki var sett borð með bekkjum inn í miðjuna. Þetta var gert til að bæta aðstöðu þeirra sem koma í garðinn sem einnig eykur möguleikana á að íbúar nýti sér þetta magnaða umhverfi sem garðurinn hefur upp á að bjóða.

Gróðursettar voru nýjar plöntur. Sett var fjallarifs í autt svæði við hlið nýja inngangsins ásamt því voru settar niður hansarósir, berjarifs og sýrenur við nýja bekkinn.

Á næsta ári er stefnt á að halda áfram á sömu braut. Halda þarf áfram með hreinsun og mikilvægt er að því sem gert var í sumar sé haldið við svo ekki fari í sama horf og áður. Að auki þarf að fjarlægja nokkur tré og grisja gróður enn meira. Halda þarf áfram með að bæta við plöntum á ýmsa staði í garðinum“. (Heimasíða Garðs)

Jólamarkaður Sólheima í Kringlunni

Jólamarkaður Sólheima í Grímsnesi verður í Kringlunni í Reykjavík dagana 8.-11.desember. Heimilisfólkið verður með til sölu margs konar handverk. Einnig verður á markaðnum margs brauð og kökur úr bakaríinu ásamt ýmsu öðru.

Markaðurinn er í Kringlunni frá 8.-11.desember. Notið tækifærið þessa daga til að gera góð kaup og styrkja um leið gott málefni.

Helgihald um aðventu, jól og áramót í Njarðvíkurprestakalli

Njarðvíkurkirkja (Innri-Njarðvík)

Aðventusamkoma
4. desember kl. 17.
Fram koma m.a. Söngsveitin Víkingar, Vox Felix , nemendur tónlistarskólans o.fl.
Veitingar í boði sóknarnefndar á eftir.
Frítt inn og allir velkomnir.

Aðfangadagur
Aftansöngur kl.18.
Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.
Ný altarisklæði tekin í notkun.

Gamlársdagur
Aftansöngur kl. 17.
Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.

Kirkjuvogskirkja (Höfnum)

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl.12.20.
Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.

Meðhjálpari við allar athafnir er Pétur Rúðrik Guðmundsson.

Ytri-Njarðvíkurkirkja

Aðventusamkoma
11. desember kl. 17.
Fram koma m.a. Páll Rósinkranz, Vox Felix, nemendur tónlistarskólans o.fl. Frítt inn og allir velkomnir.

Jólaball
18. desember kl.11.
Jólasveinn mætir og gefur börnunum eitt hollt og gott. Allir velkomnir.

Aðfangadagur
Jólavaka kl.23.30.
Helgileikur í umsjá fermingarbarna og í lokin munu allir tendra kertaljós þegar sungið verður “Heims um ból”.
Steinar Matthías Kristinsson leikur á trompet. Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur leiðir söng undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.

Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl.14.
Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.

Nýársdagur
Hátíðarguðsþjónusta kl.14.
Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari og Kirkjukór Njarðvíkur syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar.

Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabil.

Sverrir Einarsson
Sími: 896-8242

Kristín Ingólfsdóttir

Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.

Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

Sími: 581-3300 og 896-8242

www.utforin.is

GLÆSILEGT AÐVENTUKAFFI

Kvenfélag Keflavíkur hélt á sunnudaginn glæsilegt aðventuboð fyrir eldri borgara í Kirkjulundi.Börn frá Tónlistarskólanum komu og spiluðu nokkur lög. Elísabet Jóhannesdóttir spilaði á fiðlu,Nína Björg Ágústsdóttir spilaði á pianó og Magnús Már Garðarsson spilaði á xilófón.

Unglingar frá Leikfélagi Keflavíkur fluttu atriði úr Stoppistöð.

Séra Eva Björk Valdimarsdóttir flutti hugvekju.

Kvenfélagið bauð upp á glæsilegt kaffihlaðborð.

Salóme Kristinsdóttir er formaður Kvenfélags Keflavíkur.

Bakhjarlar Kvenfélagsins eru: HS orka,Íslandsbanki,Vesrlunarmannafélag Suðurnesja,Kaffitár,Flogeldhús,-Sigurjónsbakarí,Keflavíkurkirkja,Æco bílasala Toyota,landsbanlinn.Ísver ehf.

Búmenn hressast

Félagið Búmenn á margar íbúðir hér á Suðurnesjum. Fyrir rúmu ári var félagið komið í þá stöðu að við blasti gjaldþrot. Mikið var af auðum íbúðm á Suðurenesjum.

Ný stjórn var kjörin og hefur hún unnið að fjárhagslegri endurskoðun. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn og uppstokkun var framkvæd á skrifstofu.

Nú er svo komið að Búmenn eru komnir að landi. Staða félagsins er góð. Sala á íbúðum hefur gengið vel og veruleg eftirspurn er eftir íbúðum á Suðurnesjum. Dótturfélag var stofnað,sem myndað var um auðar íbúðir og þær leigðar út. Það hefur gengið vel.

Ákveðið hefurm verið að selja auðar íbúðir í Hveragerði úr félaginu.

Búmenn hafa náð að rétta úr kútnum og framtíðin er björt.

Suðurnesjadeild Búmanna fundaði í Garðinum í síðustu viku þar sem forsvarsmenn félagsins fóru yfir málin.

Fundarmenn í Samkomuhúsinu í Garði.

Gunnar Kristinsson formaður Búmanna. Sitjandi við borð. Talið frá vinstr: Úlfar Þór Indriðason,framkvæmdastjóro Búmanna,Áskell Jónsson, varaformaður og Haraldur Finnson,formaður laganefndar Búmanna.

Happy Campers með 100 bíla

Það hefur ekki farið framhjá nokkrum manni að straumur erlendra ferðamanna til landsins hefur aukist mikið á síðustu misserum. Einn stór þáttur í móttöku ferðamanna er að hafa bíla til leigu,þannig að fólk komist um landið.

Í Reykjanesbæ er starfandi bíolaleiga Happy Campers ehf. mVið hittum Sverri Þoresteinsson eiganda fyrirtækisins. Happy Campers eru bílar,þar sem þú ferðast um landið og getur gist í bílnum. Sverrir sagði að bílaflotinn væri 100 bílar.Hann sagði þetta hafa gengi mjög vel. Það væru eingöngu erlendir ferðamenn sem tækju bílana á leigu.

Sverrir sagði að ef menn hefðu það mottæo að vinna vel og heiðarlega þá gengi vel.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU

Skemmtilegar sýningar standa nú yfir í DUUS húsum.Ein þessara sýninga nefnist: Heimilið. Þar eer gaman að sjá hvernig dæmigerð heimili litu út fyrir nokkrum tuga ára. Þeir sem komnir eru svolítið til ára sinna kannast örugglega vel við hlutina. Hvað ætla unga fólkinu í dag finnist um símann?

Beint úr sjó

Fiskbúðin á Fitjum Beint úr sjó opnaði fyrir um 18 mánuðum. Þegar Reykjanes leit við hittum við fyrir Valdísi en hún sagði okkur frá starfseminni. Við okkur blasti glæsilegt kæliborð með alls konar fiski og fiskréttum. Valdís sagði að verslunin bjóði upp á heitan mat allan daginn. Má þar nefna,humarsúpu,fisk dagsins, fisk og franskar (fish and chips) og grillaðan lax. Einnig erum við með Sushi og kalda laxabakka.

Valdís sagði Suðurnesjamenn duglega að borða fisk og eins kæmu margir erlendir ferðamenn til þeirra.

Okkar mottó er: Við viljum gera allt fyrir alla eins og við mögulega getum.

Komnir til að vera

Allt fasteignir. Fasteignasala Suðurnesja er á Hafnargötu 91 í sama húsnæði og Íslandsbanki. Reykjanes leit við einn daginn og hitti fyrir Pál Þorbjörnsson einn af eigendum fasteignasölunnar.

Við opnuðum hér í Reykjanesbæ eftir síðustu Ljósanótt.Reyndar hefur undirbúningur að koma hingað á Suðurnesin staðið yfir í 3 ár segir Páll.

Við höfum orðið vör við mjög ja´-kvæð viðhorf fólks. Hér eru atvinnumálin komin í nokkuð gott horf og eiga helling inni. Möguelikarnir eru miklir. Ég tel að mesta vaxtarsvæðið á landinu sé hér segir Páll.

Við leggjum mikið uppúr persónulegri þjónustu. Við sýnum allar eignir.

Salan gengur mjög vel. Það hefur orðið mikil hækkun á verði frá áramótum.

Allt fasteignir voru stofnaðar árið 2009. Höfuðstöðvarnar eru í Hafnarfirði en fyrir 4 árum kom svo útibú í Grindavík og nú einnig í Reykjanesbæ. Hjá okkur vinna 14 manns.

Að lokum sagði Páll. Við erum komnir til að vera.

Aðventukvöld í Keflavíkurkju

Fyrsti sunnudagur í aðventu var haldin hátíðlegur í Keflavíkurkirkju.Eldey Kór eldri borgara söng undir stjórn Sævars Hlega Jóhannessonar í fjarveru Arnórs. Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri flutti ljómandi góða hugvekju. Prestarnir Eva Björk Valdimarsdóttir og Erla Guðmundsdóttir stjórnuðu. Þetta var virkilega hátíðlegt og skemmtilegt aðventukvöld.

Heiða fjallabóndinn

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Út er komin hjá bókaútgáfunni Bjarti bókin *Heiða – fjalldalabóndinn* eftir Steinunni Sigurðardóttur.

Hvað rekur unga konu til að gerast sauðfjárbóndi úr alfaraleið í stað þess að verða fyrirsæta í New York? Keppa í rúningi og stunda fósturtalningar í kindum í stað þess að drekka í sig stórborgarlífið og slá í gegn á síðum glanstímarita?

Heiða Ásgeirsdóttir er sannkallað náttúrubarn og er einyrki á Ljótarstöðum sem er efsti bær í Skaftártungu. Jafnframt því að sinna fimm hundruð fjár hefur hún barist fyrir tilveru sinni og sveitarinnar fyrir austan – varið landið – svo öllu verði ekki fórnað fyrir fáein megawött; gljúfri, besta beitarlandinu – þar sem fyrst grær á vorin.

Í þessari stórmerkilegu bók dregur Steinunn Sigurðardóttir upp áhrifamikla mynd af sérstæðri kvenhetju. Hér njóta sín allir helstu kostir Steinunnar sem höfundar; ísmeygileg kímni, leiftrandi stílgáfa, djúpt innsæi – og ást á landinu.

Á fjórða tug kvartana og ábendinga borist

Bæjarráð Reykjanesbæjar ályktaði vegna áhyggja af lykt og rykmengunar frá kísilveri United Silicon í Helguvík. Óskað hefur verið eftir fulltrúa frá Umhverfisstofnun vegna málsins á næsta bæjaráðsfund. Fulltrúi frá stofnuninni mun mæta á bæjarráðsfund.Bæjarráðsfundurinn er í dag 1.desember.

Fulltrúar frá Umhverfisstofnun munu mæta á fund bæjarráðs 1. desember n.k. vegna ábendinga og kvartana sem hafa borist frá íbúum Reykjanesbæjar vegna lykt- og rykmengunar frá kísilveri United Silicon í Helguvík. Bæjarráð ályktaði um málið á bæjarráðsfundi í gær og lýsti yfir áhyggjum sínum af menguninni. Bæjarráð fól bæjarstjóra að óska eftir skýrslu frá Umhverfisstofnun og fulltrúa frá henni á næsta bæjarráðsfundi.

Vel á fjórða tug ábendinga og kvartana hafa borist Umhverfisstofnun undanfarna daga vegna lykt- og rykmengunar frá kíliverinu. Þá hefur Umhverfisstofnun upplýsingar um að a.m.k. einn einstaklingur hafi leitað til læknis vegna einkenna sem kunna að tengjast loftmengun á svæðinu

að sögn Sigrúnar Ágústsdóttur sviðstjóra hjá stofnuninni.

Fulltrúar frá Umhverfisstofnun munu mæta á fund bæjarráðs þar sem leitast verður við að svara þeim spurningum og vangaveltum sem munu berast þeim frá bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ, að sögn Sigrúnar. Hún hvetur íbúa bæjarins einnig til að láta í sér heyra svo hægt sé að fá góða yfirsýn yfir málið. Netfang Umhverfisstofnunar er ust@ust.is en einnig má senda ábendingar á vef stofnunarinnar, https://ust.is/hafa-samband/

United Silicon hefur birt yfirlýsingu þar sem leitast er við að svara kvörtunum íbúa sem hafa verið áberandi á samfélagsmiðlum undanfarna daga. Þar kemur fram að brenna hafi þurft mikið magn af timbri til að baka rafskaut brennsluofnins og að hvorki reykurinn, sem kom vegna þess að reykhreinsivirki verksmiðjunnar var ekki notað, né lyktin sé skaðlegri en frá brennu á gamlárskvöld. Þetta hafi verið áður en verksmiðjan fór í gang og ætti því að vera úr sögunni nú þegar framleiðsla sé hafin.

Fjöldi leikskólabarna 951

Á fundi Fræðsluráðs Reykjanesbæjar fór Ingibjörg Bryndís leikskólafulltrúi yfir tölulegar upplýsingar um fjölda leikskólabarna. Nú er 951 barn í leikskólum bæjarins en haustið 2015 voru þau 898.

Linda

NJÓTTU ÞESS
AÐ GEFA MEÐ ÞÉR!

PIPAR\TBWA • SÍA

Góa
Stofnað 1968

JÓLASTEMNING Í GARÐI
Síðasta sunnudag voru jólaljósin tendruð á jólatrénu í Garði.

Sameining sveitarfélaga ?

Eins og fram hefur komið tóku bæjarstjórnir Garðs og Sandgerðisbæjar ákvörðun um að láta gera úttekt á kostum og göllum þess að sameina sveitarfélögin. Skipaður hefur verið stýrihópur fulltrúa sveitarfélaganna sem hefur það hlutverk að stýra verkefninu og sjá til þess að það gangi vel fram. Stýrihópurinn hélt sinn fyrsta fund nú í vikunni og er þegar hafin vinna við að fá ráðgjafa til að vinna að verkefninu. Næstu mánuði verður unnið að málinu og munu bæjarstjórnirnar í framhaldinu leggja mat á niðurstöður og taka ákvörðun um framhaldið, eftir samráð við íbúa sveitarfélaganna.(Molar Magnúsar bæjarstjóra Garðs)

Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið

Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið er ný barnabók eftir Þröst Jóhannesson. Óðinsauga gefur út. Sagan fjallar um Björllu sem er ein og umkomulaus í villta vestrinu. Í upphafi sögu býr Bjalla ásamt útlaganum Gussa fingralanga í útjaðri Rjómabæjar, en óvænt brotthvarf hans breytir öllu. Bjalla leitar þá á náðir þeirra Ívars klæðskera og Dóra skálds og taka þeir henni opnum örmum. En þótt þeir geri það er ekki sömu sögu að segja um alla íbúa Rjómabæjar. Sumir líta hana hornauga fyrir það eitt að vera ókunnug og framandi og áður en hún veit af hefur hún verið sökuð um þjófnað. Til að bæta svo gráu ofan á svart er Bjalla sannfærð um að Gussi fingralangi sé aftur kominn á kreik.

Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið er önnur barnabók Þrastar, en árið 2013 sendi hann frá sér bókina

Sagan af Jóa. Pétur Guðmundsson sér um myndskreytingu.

RÝMINGARSALA
20% aukaafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
á meðan byrgðir endast

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

· Allt á að seljast
· Fyrstur kemur fyrstur fær
· Ekki missa af þessu

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar **volundarhus.is** og í síma 864-2400.

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán VISA Lán

VH/16-05

RMI
OFNASMIÐJAN

Lausnir fyrir iðnað og sjávarútveg í 80 ár

Starfsmannaskápar

Brettarekkar
og smávöruhillur

Fólkslyftur, vörulyftur
og hjólastólalyftur

Léttitæki og Lyftarar

Verkstæðisinnréttingar

Skoðið tilboðin okkar á rymi.is og á facebook

Rými ehf. | Brautarholt 26-28 | 105 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Skegg Raspútíns

Út er komin hjá Bjarti skáldsagan Skegg Raspútíns eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.

Eva og Matti hafa nýlega umbylt lífi sínu og flutt úr miðborginni til smábæjar utan borgarmarkanna, en sitja samt uppi með sjálf sig og hvort annað. Vandamálin vaxa og óveðursský hrannast upp. Þá kynnist Eva rússneskumælandi garðyrkjubónda, Ljúbu, sem segir henni litríka sögu sína og fjölskyldunnar.

Sögur kvennanna tveggja spegla hvor aðra og vinátta þeirra hefur mikil áhrif á líf beggja. Úr verður einstök frásögn, skrifuð af þeim hlýja mannskilningi sem einkennir verk Guðrúnar Evu – um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna, örlög, frumkvæði, nánd og þau sannindi sem draumar geyma.

Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2011 fyrir Allt með kossi vekur, og Menningarverðlaun DV í bókmenntum fyrir Yosoy árið 2006 og Englaryk árið 2014.

Hulduþjóðir Evrópu

Evrópa er samfélag fjölda þjóða sem margar hverjar búa í sambýli við stærri og voldugri þjóðir. Sumar af þessum þjóðum þekkja flestir, t.d. Sama. Færri vita um tilvist margra þeirra, eins og t.d. Rútena, Husula og Bojka. Í gegnum aldirnar hafa landamæri færst til á meðan þessar þjóðir hafa lifað áfram, oft í skugga fjandsamlegra yfirvalda eins og óhreinu börnin hennar Evu.

Hér er lesendum boðið í heillandi ferðalag um Evrópu þar sem hátt í fjörutíu hulduþjóðir eru heimsóttar og fjallað á aðgengilegan og lifandi hátt um sögu þeirra, sem oft og tíðum er allt að því reyfarakennd, og menningu sem stundum er gjörólík því sem ríkir í viðkomandi löndum. Yfir og allt um kring er svo átakamikil saga Evrópu.

Þorleifur Friðriksson er doktor í sagnfræði og eftir hann liggja ýmis rit, m.a. saga Verkmannafélagsins Dagsbrúnar. Þorleifur hefur í áraraðir ferðast um slóðir hulduþjóða í Evrópu og kynnst menningu þeirra og sögu.

HAFBÓKIN

Út er komin hjá Bjarti Hafbókin – eða listin að veiða risaháfisk á gúmmíbáti fyrir opnu hafi árið um kring, eftir Morten A. Ströksnes.

Á bókarkápu stendur: Tveir menn á litlum báti. Skrímsli í hafdjúpinu undir þeim.

Gamlir vinir ásetja sér að veiða hákerlingu, sem heldur sig í djúpunum úti fyrir lítilli eyju, Skrova í Lófóten í Noregi. Leiðangur þeirra verður jafnframt uppspretta gjöfulla hugleiðinga um töfra fiskveiða og sögu hafsins, upprifjun ævintýra úr heimi sjóferða og sjómennsku og miðlar einnig fróðleik, ljóðlist og goðsögnum. Allt er þetta skrifað af sterkri tilfinningu fyrir ríkidæmi hafsins og hinum margbreytilegu lífsformum sem þar þrífast. Morten A. Ströksnes er blaðamaður og rithöfundur. Hafbókin hlaut tvenn helstu bókmenntaverðlaun Noregs á liðnu ári, og hefur síðan komið út víða um heim við miklar vinsældir.

Hafbókin kemur út bæði innbundin og sem kilja.

Konan í myrkrinu í sviðsljósinu

Hollenska glæpasagan Konan í myrkrinu eftir Marion Pauw hlaut Ísnálina 2016

Á glæpasagnahátíðinni Iceland Noir voru í dag voru veitt verðlaun fyrir bestu þýddu glæpasöguna á Íslandi árið 2016, Ísnálin, og hlaut hollenska glæpasagan Konan í myrkrinu eftir Marion Pauw í þýðingu Rögnu Sigurðardóttur verðlaunin.

Þær bækur sem tilnefndar voru til verðlaunanna, auk Konunnar í myrkrinu, voru Hin myrku djúp eftir Ann Cleeves í þýðingu Þórdísar Bachmann, Kólibrímorðin eftir Kati Hiekkapelto í þýðingu Sigurðar Karlssonar, Meira blóð eftir Jo Nesbø í þýðingu Bjarna Gunnarssonar og Sjöunda barnið eftir Erik Valeur í þýðingu Eiríks Brynjólfssonar.

Konan í myrkrinu fjallar um Írisi og Ray. Íris er ungur lögfræðingur og einstæð móðir sem reynir að fóta sig á framabrautinni samhliða því að sjá um erfiðan son sinn. Ray, sem er ekki eins og fólk er flest, er lokaður inni á stofnun eftir að hafa verið dæmdur fyrir hrottalegt morð á ungri konu og dóttur hennar. Leiðir Írisar og Rays liggja óvænt saman sem verður til þess að af stað fer atburðarás sem gjörbreytir lífi þeirra.

Marion Pauw er drottning hollenskra spennusagna og hlaut hin virtu spennusagnaverðlaun Gullnu snöruna fyrir bókina. Nú þegar hefur verið gerð kvikmynd eftir sögunni sem hlotið hefur fjölda verðlauna og bandarísk stórmynd byggð á bókinni er í burðarliðnum.

Helstu breytingar almannatrygginga um áramótin

Góðar upplýsingar um breytingarnar, auk reiknivélar þar sem hver og einn getur reiknað út eigin stöðu, eru á vef Tryggingastofnunar og eru þessar helstar:

a) ellilífeyrir (grunnlífeyrir), tekjutrygging og sérstök uppbót til framfærslu eru sameinaðar í einn flokk er nefnist ellilífeyrir sem að hámarki getur verið 280.000 kr. fyrir skatt á mánuði fyrir þá sem búa einir og 227.883 kr. fyrir skatt á mánuði fyrir þá sem búa ekki einir.

b) Heildartekjur, þ.e. allar skattskyldar tekjur þ.m.t. atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur, fjármagnstekjur og styrkir hafa sömu áhrif á upphæð lífeyris.

c) Frítekjumark verður 25.000 kr. á mánuði í heildartekjur (allar skattskyldar tekjur). 45% tekjutenging er eftir frítekjumark þannig að fyrir hverja þúsund krónur sem farið er yfir frítekjumarkið (25.000 kr.) lækka greiðslurnar frá TR um 450 kr.

d) Heimilisuppbót er áfram fyrir þá sem búa einir, að hámarki 52.117 kr. á mánuði og tekjutenging heimilisuppbótar eftir frítekjumark er 11.9%. Fyrir þá sem hafa heildartekjur yfir frítekjumarki og auk þess heimilisuppbót verður tekjutenging því 56,9% (45% + 11,9%).

e) Greiðslur frá TR falla niður þegar heildartekjur ná 531.406 kr. fyrir skatt á mánuði.

Allar breytingar á fjárhagskerfum ríkisins útheimta forritun og prófanir áður en þær eru virkjaðar og tími Tryggingastofnunar til að laga tölvukerfi sín að breytingunum var því knappur. Á reglubundnum samráðsfundi TR með fulltrúum frá LEB og frá FEB í Reykjavík og nágrenni 9. nóvember kom fram að stofnunin mundi í öllum aðalatriðum verða tilbúin um áramótin til að greiða út samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi.

retor

FRÆÐSLA

Íslenskukennsla fyrir erlent starfsafl

Retor sérhæfir sig í íslenskukennslu ásamt því að bjóða ýmsar fræðslulausnir fyrir innflytjendur. Okkar markmið er að auka verðmæti mannauðsstofnanna og fyrirtækja með fræðslu og tungumálakennslu.

Hjalti Ómarsson
Framkvæmdastjóri

hjalti@retor.is
Beinn sími: 662-3730

Markmið fyrirtækjalausna Retor Fræðslu er að aðstoða íslensk fyrirtæki með erlent starfsafl við að gera íslensku að leiðandi tungumáli á vinnustöðum.

Mikil tækifæri eru fólgin í þeim mannauð sem skapast á vinnustöðum þar sem samskipti eru til fyrirmyndar. Með góðum samskiptum eykst starfsánægja og því fylgir jafnari og betri framlegð í starfi, ásamt því að lágmarka kostnað sem hlýst af starsmannaveltu. Íslenskukennsla fyrir erlent starfsafl er mikilvægur hluti af þessu ferli og það er sú þjónusta sem við sérhæfum okkur í að veita ásamt ýmiss konar fræðslu sem við bjóðum uppá og þróum í samstarfi við vinnustaði eftir hentugleika.

Beata Czajkowska
Verkefnastýra fyrirtækjalausna & kennari

beata@retor.is
Sími: 519 4800

Beata flutti til Íslands árið 2001. Hún byrjaði að kenna íslensku fyrir innflytjendur hjá Retor Fræðslu árið 2010 og hefur þar af leiðandi bæði mikla þekkingu og reynslu af viðfangsefninu. Beata lauk BA. í íslensku fyrir erlenda stúdenta hjá Háskóla Íslands árið 2009 með viðskiptafræði sem aukagrein, ásamt því hefur hún fjögurra ára verkfræðinám frá Póllandi í farteskinu. Hún sérhæfir sig í að kenna íslensku á móðurmáli og talar reiprennandi íslensku, pólsku og ensku.

Retor býður fyrirtækjum framúrskarandi og sérhæfðar fræðslulausnir. Við bjóðum fyrirtækjum stöðumat á íslenskukunnáttu erlends starfsafls. Í framhaldinu gerum við fyrirtækjum tilboð byggt á niðurstöðum stöðumats og fyrirliggjandi þarfagreiningar.

Jólin koma
með Kjörís

Brandenburg

Kjörís